

Tilgreind séreign

- *Kynning*

Tilgreind séreign

- ASÍ og SA sömdu í janúar 2016 um hækkun á mótframlagi launagreiðanda í lífeyrissjóð. Tilgangurinn var að jafna stöðu launamanna á almennum vinnumarkaði við opinbera markaðinn.
- Framlagið hækkar í þremur áföngum, samtals um 3,5%, og verður 11,5% 1. júlí 2018. Framlag launamanns verður áfram 4% og iðgjöldin verða þá samtals 15,5%.
 - 0,5% 1. júlí 2016 – 1,5% 1. júlí 2017 – 1,5% 1. júlí 2018

Tilgreind séreign

- Skylduiðgjald sem greiðist til þess sjóðs sem viðkomandi launamaður á aðild að.
- Iðgjaldi umfram 12% má ráðstafa í tilgreinda séreign, að hluta eða öllu leyti.
- Samningur gerður við lífeyrissjóðinn án aðkomu launagreiðanda, ólíkt því sem gildir um frjálstu séreignina þar sem launamaður þarf að spara til þess að fá mótframlagið.

Tilgreind séreign

- Allt iðgjaldið fer í samtryggingu nema sjóðfélagi óski eftir því að hluti þess fari í tilgreinda séreign.
- Upplýst samþykki sjóðfélaga er áskilið ef hluti iðgjaldsins á að fara í tilgreinda séreign.
- Skylda hvílir á lífeyrissjóðnum að upplýsa sjóðfélaga um:
 - Réttinn til að greiða hluta iðgjalds í tilgreinda séreign
 - Áhrif þess að skipta iðgjaldi á milli samtryggingar og tilgreindrar séreignar
- Á heimasíðu Gildis verða ítarlegar upplýsingar og eftir 1. júlí verður hægt að tilkynna um ráðstöfun iðgjalds í tilgreinda séreign bæði á pappír og með rafrænum hætti. Starfsfólk sjóðsins mun einnig veita sjóðfélögum nauðsynlegar upplýsingar.

Tilgreind séreign

- Mikilvægt að sjóðfélagar geri sér grein fyrir því að ráðstöfun hluta iðgjalds í tilgreinda séreign hefur áhrif á ávinnslu réttinda í samtryggingardeild. Eðlismunur er á réttindum sem fást í samtryggingu annars vegar og í tilgreindri séreign hins vegar.
- Greiðsla til samtryggingardeildar felur í sér verðmæt tryggingaréttindi.
 - Rétt til ævilangs ellilífeyris
 - Rétt til örorku- og makalífeyris, þ.m.t. rétt til framreiknings við orkutap og fráfall
 - Með ráðstöfun iðgjalds í tilgreinda séreign ávinnast ekki þessi réttindi hvað þau iðgjöld snertir.

Tilgreind séreign

- Tilgreind séreign er laus til útborgunar frá 62 ára aldri
 - frjálsa séreignin laus við 60 ára aldur
- Greiðslur dreifast á þau ár sem vantar í 67 ára aldur.
- Eingreiðsla ef innstæða er innan við 1.276.700 kr.
- Erfanleg í samræmi við erfðalög.
- Tilgreindan séreignarsparnað verður ekki unnt að nota til að safna skattfrjálst til húsnæðiskaupa eða til að greiða skattfrjálst niður húsnæðislán.

Tilgreind séreign

- Gildi býður uppá þrjár ávöxtunarleiðir, þær sömu og í frjálsu séreigninni
 - Framtíðarsýn 1: skuldabréf 65% - hlutabréf 35%
 - Framtíðarsýn 2: skuldabréf 80% - hlutabréf 20%
 - Framtíðarsýn 3: verðtryggð innlán 100%
- Skipta má um ávöxtunarleið hvenær sem er og færa áunna tilgreinda séreign milli leiða
- Skipta má í eða úr samtryggingu hvenær sem er
- Ef launamaður skiptir um vinnu og skylduiðgjald greiðist til annars lífeyrissjóðs þarf að tilkynna nýja sjóðnum ef ráðstafa á iðgjaldi í tilgreinda séreign.

Tegundir lífeyristrygginga

- Samtrygging:

- Skylduiðgjald 12-15,5% (frá 1. júlí 2018) *
- Réttur til ævilangs ellilífeyris, örorku- og makalífeyris, oftast með framreikningi, og barnalífeyris.
- Almennur ellilífeyrisaldur 67 ár

- Tilgreind séreign:


- Skylduiðgjald 0-3,5% (frá 1. júlí 2018) *
- Samningur við lífeyrissjóð sjóðfélagans án aðkomu launagreiðanda
- Séreign laus til útborgunar frá 62 ára aldri

* Hluti sjóðfélaga greiðir nú þegar 15,5% iðgjald, þeir geta frá 1. júlí 2017 ráðstafað 3,5% í tilgreinda séreign. Hluti sjóðfélaga hefur ekki samið um hærra iðgjald en 12%.

- Frjáls séreign:

- Frjáls sparnaður; 2-4% frá launamanni + 2% frá launagreiðanda
- Samningur við launagreiðanda og lífeyrissjóð skv. vali sjóðfélaga
- Laus til útborgunar að fullu frá 60 ára aldri

Tegundir lífeyrissparnaðar (einfölduð mynd)



* Almennt er mótframlag atvinnurekanda 10% frá 1. júlí 2017 og skyldutryggingariðgjald samtals 14%. Mótframlag atvinnurekanda hækkar í 11,5% frá 1. júlí 2018 og skyldutryggingariðgjald verður þá samtals 15,5%. Hluti sjóðfélaga Gildis greiðir nú þegar 15,5% iðgjald og hluti sjóðfélaga hefur ekki samið um hærra iðgjald en 12%.